

1. sept. 2021



# Drög að reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætla



# Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða

Skýrari framsetning

Endurskoðaðir tímafrestrir

Umhverfimat framkvæmda og áætlaða í einum lögum

Endurskoðaðir framkvæmdaflokkar

Einfölduð málsmeðferð

Þátttökuréttur almennings

Forsamráð

Staða álits um umhverfisáhrif

framkvæmdar gagnvart leyfisveitanda

Gagna- og samráðsgátt

Endurskoðun umhverfismats

Einfaldara málskot



# Nálgun

- Skýr rammi um umhverfismat í lögum og einstök atriði mótuð nánar í reglugerð
- Endurtekning á því sem fram kemur í lögum í lágmarki
- Í reglugerð nr. 660/ 2015 um mat á umhverfisáhrifum eru ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum endurtekin auk þess sem viðbótarákvæði hafa að geyma frekari útfærslu
  - Ekki óþekkt í íslenskri reglugerðarsmíð en getur leitt af sér langar og óaðgengilegar reglugerðir



# Nálgun – samanburður við reglugerð nr. 660/ 2015

Reglugerð þessi gildir um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Við framkvæmd umhverfismats skal unnið að markmiðum þeirra laga.

Markmið reglugerðarinnar er:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.



# Skilgreiningar – að því marki sem hugtök eru ekki skýrð í lögum

Ábyrgðaraðili áætlunar

Forsamráð

Matslýsing

Fyrirhuguð framkvæmd

Samantekt umhverfismats



# Gagna og samráðsgátt

Í gáttinni skal birta gögn til kynningar og samráðs og álit og ákvarðanir um umhverfismat framkvæmda og áætlana og leyfi til framkvæmda. Þangað skal einnig skila inn og birta umsagnir umsagnaraðila og almennings um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

- Ákvæðið kemur til framkvæmda 1. desember 2022.
- Ákvæði reglugerðarinnar sem varða samráð við almenning, umsagnaraðila og aðra haghafa taka mið af því.



# Forsamráð

Við forsamráð samkvæmt 8. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana fjalla hlutaðeigandi aðilar eftir því sem við um tímaáætlanir, gagnaöflun, skýrslugerð og tilhögun og tímasetningu kynningar og samráðs gagnvart umsagnaraðilum og almenningi og tengsl umhverfismats við leyfisveitingar. Þá er þar tekin afstaða til þess hvort sameina skuli skýrslugerð og/ eða kynningu samkvæmt 5. gr.

Skipulagsstofnun ber ábyrgð á framkvæmd forsamráðs, þ.m.t. boðun funda og ritun fundargerða þar sem skrá skal niðurstöður samkomulags um tilhögun umhverfismats viðkomandi framkvæmdar sbr. 1. mgr. Stofnunin skal gera skriflegt samkomulag við aðila um samþættingu málsmeðferðar, þ.m.t. um tilhögun verkefnisins, ábyrgð og forræði og skiptingu kostnaðar. Skipulagsstofnun gefur út nánari leiðbeiningar um forsamráð.



# Samþætt málsmeðferð

Nú er ákveðið að samþætta málsmeðferð í samræmi við 9. – 11. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og skulu þá hlutaðeigandi aðilar sem geta eftir atvikum verið Skipulagsstofnun, framkvæmdaraðilar, ábyrgðaraðilar viðkomandi áætlanagerðar og/ eða leyfisveitendur skulu gera með sér samkomulag um viðfangsefni samþættrar málsmeðferðar samkvæmt 9. – 11. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana Þar skal gera grein fyrir í hverju samþætting málsmeðferðar felst, svo sem um ábyrgð á einstökum verkþáttum og skiptingu kostnaðar.

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um viðfangsefni og tilhögg samþættrar málsmeðferðar.





# Umhverfismat áætlana

- Skipulagsáætlunir samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða
- Aðrar áætlunir sem marka stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana
- Breytingar á áætlunum



# Matsskyldar framkvæmdir

- Tilkynning framkvæmda í flokki B
- Matsskylduákvörðun og umsagnir vegna hennar
- Matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun



# Umhverfismat framkvæmda

- Efni umhverfismatskýrslu
- Kynning, umsagnir og álit Skipulagsstofnunar
  - Skilyrði í álit Skipulagsstofnunar ber að taka upp í leyfi til framkvæmda.
  - Leyfisveitanda ber að gera rökstudda grein fyrir samræmi afgreiðslu leyfis við álit Skipulagsstofnunar, þ.e. tenging álitsins við ákvörðun um leyfisveitingu.
- Umhverfismat yfir landamæri